

## Mál nr. 12

### Hamar gegn KSÍ

#### Kæra Hamars Dómkröfur

Að Atli Björn E. Levy, kt. 040280-5459, leikmaður Ægis verði skráður leikmaður Hamars og fái leikheimild með Hamri á yfirstandandi keppnistímabili.

#### Málavextir

Knattspyrnudeild Hamars óskaði þann 31. júlí síðastliðinn eftir félagaskiptum fyrir Atla Björn E. Levy, kt. 040280-5459, frá Ægi til Hamars með viðeigandi undirrituðu félagaskiptablaði. Samkvæmt upplýsingum frá KSÍ var beiðninni hafnað á þeirri forsendu að leikmaðurinn hefði þá þegar leikið með 2 félögum á keppnistímabilinu og þeim því ekki heimilt að veita keppnisleyfi. Leikmaðurinn var skráður hjá Hamri frá 14. apríl 2007 til 19. apríl 2008 þegar hann hafði félagaskipti til Ægis. Leikmaðurinn lék einn leik með Hamri í Lengjubikarnum þann 9. mars 2008 áður en hann skipti um félag. Leikmaðurinn hefur einungis leikið fyrir Ægir á Íslandsmóti og bikarkeppni KSÍ keppnistímabilið 2008.

#### Tilvísun

Greinar 10.1.1 og 10.1.2 í reglugerð um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga og grein 8.3 í reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla.

#### Röksemdir

Samkvæmt grein 10.1.1 í reglugerð um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga er leikmanni heimilt að vera skráður í 3 félög á keppnistímabilinu og einungis taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum með 2 félögum sbr. þó ákvæði um tímabundin félagaskipti í 16. grein. Grein 10.1.2 kveður m.a. á um að leikmanni sé einungis heimilt að skipta einu sinni um félag innanlands eftir að hafa leikið í Íslandsmóti eða bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu nema þegar um tímabundin félagaskipti er að ræða sbr. 16. grein.

Knattspyrnudeild Hamars gerir athugasemd við þá heimild KSÍ að veita samningsbundnum leikmönnum meiri rétt en ósamningsbundnum til knattspyrnuíðkunar, samkvæmt 16. grein, og telur slíkt stangast á við jafnræðisreglu. Þá gerir knattspyrnudeild Hamars athugasemd við rökstuðning KSÍ að leikmaðurinn hafi tekið þátt í opinberum knattspyrnuleik með Hamri, þegar KSÍ færir ekki til leikferils þá tegund leikja sem hann lék með félaginu á árinu. Að auki telur knattspyrnudeild Hamars KSÍ ekki hafa forsendu fyrir neituninni þar sem í gr. 10.1.2 stendur:

„Leikmaður getur þó aðeins einu sinni skipt um félag innanlands eftir að hafa leikið í Íslandsmóti eða bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu nema þegar um tímabundin félagaskipti er að ræða sbr. 16. grein.”

Ekkert er kveðið á um deildarbikar í reglugerðinni og telur því knattspyrnudeild Hamars að spilaðir leikir í því móti telji ekki inn í ákvæði um fjölda félaga sem leikið hefur verið með. Til rökstuðnings vísum við einnig til sjálfstæðis deildarbikarkeppninnar í agamálum með tilvísun í reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla, gr. 8.3 þar sem segi m.a.:

„ Deildarbikarkeppnin er sjálfstæð hvað varðar agamál og hefur ekki áhrif á önnur mót KSÍ. Leikmaður, sem á eftir að taka út leikbann í landsmóti frá haustinu áður, getur ekki afplánað það í keppninni.”

Knattspyrnudeild Hamars þykir það skjóta skökku við ef leiknir leikir en ekki fengin spjöld í deildarbikarkeppni hafi vægi við ákvörðun KSÍ um hlutgengi leikmanna í keppnum.

Að öllu ofangreindu upptöldu telur knattspyrnudeild Hamars að neitun KSÍ á útgáfu keppnisleyfi til handa Atla Birni E. Levy með Hamri ekki réttmæt aðgerð og óskar því eftir að leikmaðurinn fái útgefið keppnisleyfi hið fyrsta svo hann megi taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum með Hamri á núverandi keppnistímabili.

### **Sönnunargögn**

Gögn sem fylgja málinu eru á skrifstofu KSÍ (beiðni um félagaskipti).

### **Vitni**

Þóri Hákonarson  
Klara Bjartmarz

Virðingarfyllst,  
f.h. Hamars  
Hjörtur Sveinsson

### **Greinargerð KSÍ**

Þann 31. júlí sl. barst skrifstofu KSÍ yfirlýsing um félagaskipti fyrir leikmanninn Atla Björn E. Levy úr Ægi í Hamar og var yfirlýsingin fullfrágengin í samræmi við reglugerðir KSÍ. Undirritaður gat þó ekki samþykkt umrædd félagaskipti þar sem leikmaðurinn hafði þegar leikið með tveimur félögum í opinberum knattspyrnuleikjum á keppnistímabilinu en í grein 10.1.1. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga segir:

*“10.1.1. Leikmaður getur mest verið skráður í þrjú félög á keppnistímabilinu. Á því tímabili er honum aðeins heimilt að taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum með tveimur félögum sbr. þó ákvæði um tímabundin félagaskipti í 16. grein.”*

Umræddur leikmaður lék með Hamri í deildarbikarkeppni KSÍ en leikir í deildarbikarkeppninni eru opinberir knattspyrnuleikir enda keppnin skipulögð af KSÍ sbr. sérstaka reglugerð þar um og ber leikmönnum að hafa keppnisleyfi útgefið af KSÍ til þátttöku. Jafnframt hafði leikmaðurinn leikið með Ægi í Íslandsmóti og bikarkeppni KSÍ. Félagaskiptum hans var því hafnað þar sem ekki var heimilt að gefa út keppnisleyfi á leikmanninn með þriðja félaginu á keppnistímabilinu þar sem það hefði brotið í bága við ákvæði greinar 10.1.1. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Þetta er ekki eina dæmið um slíka ákvörðun á þessu keppnistímabili og hefur fleiri félagaskiptum verið hafnað á sömu forsendum.

Rétt er að benda á að í 1. grein í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga kemur fram að reglugerðin er sett með stoð skv. reglugerð FIFA um félagaskipti og stöðu leikmanna. Mörg ákvæði þessarar reglugerðar FIFA eru bindandi fyrir aðildarsambönd þess. Undirritaður sendi fyrirspurn til FIFA fyrir á þessu ári varðandi það hvernig meðhöndla ætti félagaskipti þar sem leikmenn færu úr félagi A í B og ætluðu síðan að fara í félag A aftur

á sama keppnistímabili. Í stuttu máli var svar FIFA við þeirri fyrirspurn á þann veg að slíkt væri ekki heimilt þar sem skv. túlkun FIFA væri þar um þriðja félagið að ræða og gæti viðkomandi leikmaður því ekki leikið með félagi A aftur. Meðhöndlun á félagaskiptum innanlands hafa verið í samræmi við álit FIFA á þessu atriði. Af þessu leiðir að félagaskipti úr Hamri í Ægi og í Hamar aftur eru ekki heimil.

Í kærnu Hamars er bent á grein 10.2. í sömu reglugerð en það á einfaldlega ekki við þar sem í engu er brotið á þeirri grein og ákvæði hennar ekki forsenda fyrir höfnun á félagaskiptunum.

*Virðingarfyllst,*



Þórir Hákonarson,  
framkvæmdastjóri KSÍ.

Meðfylgjandi: Afrit af fyrirspurn til FIFA  
Afrit af svari FIFA við fyrirspurn um félagaskipti

### **Úrskurður frá Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ**

Ár 2008, þriðjuudaginn 26. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum og Kolbeini Árnasyni, Presti Ríkarðssyni og Helga R. Magnússyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 13/2008:**  
Knattspyrnudeild Hamars  
gegn  
Knattspyrnusambandi Íslands.

Gögn málsins merkt nr. 1-5 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

### **ÚRSKURÐUR:**

I.

#### **Kærandi:**

Knattspyrnudeild Hamars  
Íþróttamiðstöðinni / Pósthólf 150,  
810 Hveragerði  
Kennitala: 430406-0270

Fyrirsvarsmaður: Hjörtur Sveinsson

#### **Kærði:**

Knattspyrnusamband Íslands  
Laugardal,  
104 Reykjavík

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ þann 6. ágúst 2008 og aftur þann 18. ágúst 2008. Var kærða gefinn frestur til að skila greinargerð til 22. ágúst sl. Greinargerð kærða er dagsett 20. ágúst sl.

**Kröfur:**

Kærandi krefst þess að Atli Björn E. Levy, kt. 040280-5459, leikmaður Ægis verði skráður leikmaður Hamars og fái leikheimild með Hamri á yfirstandandi keppnistímabili.

II.

**Málsatvik:**

Málavextir eru þeir að kærandi óskaði þann 30. júlí síðastliðinn eftir félagaskiptum fyrir Atla Björn E. Levy, kt. 040280-5459, frá Ægi til Hamars með viðeigandi undirrituðu félagaskiptablaði.

Þann 31. júlí 2008 hafnaði skrifstofa kærða beiðninni á þeirri forsendu að leikmaðurinn hefði þá þegar leikið með 2 félögum á keppnistímabilinu og því væri ekki heimilt að veita keppnisleyfi. Leikmaðurinn var skráður hjá Hamri frá 14. apríl 2007 til 19. apríl 2008 þegar hann hafði félagaskipti til Ægis. Leikmaðurinn lék einn leik með Hamri í Lengjubikarnum þann 9. mars 2008 áður en hann skipti um félag. Leikmaðurinn hefur síðan leikið fyrir Ægir á Íslandsmóti og bikarkeppni KSÍ keppnistímabilið 2008.

Með bréfi dag. 1. ágúst 2008 sem mótttekið var á skrifstofu KSÍ þann 6. ágúst 2008 var umrædd ákvörðun kærð og þess krafist að umræddur leikmaður fengi keppnisleyfi með kæranda út keppnistímabilið 2008.

Skrifstofa KSÍ vísaði málinu til samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ sem tók málið fyrir á fundi sínum þann 12. ágúst 2008. Nefndin vísaði málinu frá þar sem hún taldi málið ekki heyra undir nefndina, en hlutverk hennar er skilgreint í 23. gr. reglugerðar um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Þann 18. ágúst 2008 sendi kærandi skrifstofu KSÍ kæru í annað sinn og stílaði hana í það skiptið sérstalega á Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ tók málið fyrir á fundi sínum þann 19. ágúst 2008 og ákvað að gefa kærða frest til 22. ágúst til að skila greinargerð í málinu.

Greinargerð kærða barst Aga- og úrskurðarnefnd þann 20. ágúst 2008.

### III.

#### **Rökstuðningur kæranda:**

Í greinargerð kæranda kemur fram að samkvæmt grein 10.1.1 í reglugerð um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga sé leikmanni heimilt að vera skráður í 3 félög á keppnistímabilinu og einungis taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum með 2 félögum sbr. þó ákvæði um tímabundin félagaskipti í 16. grein. Í grein 10.1.2 sé m.a. kveðið. Á um að leikmanni sé einungis heimilt að skipta einu sinni um félag innanlands eftir að hafa leikið í Íslandsmóti eða bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu nema þegar um tímabundin félagaskipti er að ræða sbr. 16. grein.

Knattspyrnudeild Hamars gerir ennfremur athugasemd við þá heimild KSÍ að veita samningsbundnum leikmönnum meiri rétt en ósamningsbundnum til knattspyrnuíðkunar, samkvæmt 16. grein, og telur slíkt stangast á við jafnræðisreglu.

Þá gerir knattspyrnudeild Hamars athugasemd við rökstuðning KSÍ að leikmaðurinn hafi tekið þátt í opinberum knattspyrnuleik með Hamri, þegar KSÍ færir ekki til leikferils þá tegund leikja sem hann lék með félaginu á árinu. Að auki telur knattspyrnudeild Hamars KSÍ ekki hafa forsendu fyrir neituninni þar sem í gr. 10.1.2 stendur:

„Leikmaður getur þó aðeins einu sinni skipt um félag innanlands eftir að hafa leikið í Íslandsmóti eða bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu nema þegar um tímabundin félagaskipti er að ræða sbr. 16. grein.”

Telur kærandi að þar sem ekkert sé kveðið á um deildarbikar í reglugerðinni geti spilaðir leikir í því móti ekki talið inn í ákvæði um fjölda félaga sem leikið hefur verið með. Til rökstuðnings vísar kærandi einnig til sjálfstæðis deildarbikarkeppninnar í agamálum með tilvísun í reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla, gr. 8.3 þar sem segi m.a.:

„Deildarbikarkeppnin er sjálfstæð hvað varðar agamál og hefur ekki áhrif á önnur mót KSÍ. Leikmaður, sem á eftir að taka út leikbann í landsmóti frá haustinu áður, getur ekki afplánað það í keppninni.”

Knattspyrnudeild Hamars þykir það skjóta skökku við ef leiknir leikir en ekki fengin spjöld í deildarbikarkeppni hafi vægi við ákvörðun KSÍ um hlutgengi leikmanna í keppnum.

### IV.

#### **Rökstuðningur kærða:**

Í greinargerð kærða kemur m.a. fram að umræddur leikmaður hafi leikið með Hamri í deildarbikarkeppni KSÍ en leikir í deildarbikarkeppninni séu opinberir knattspyrnuleikir enda keppnin skipulögð af KSÍ sbr. sérstaka reglugerð þar um og beri leikmönnum að hafa keppnisleyfi útgefið af KSÍ til þátttöku. Jafnframt hafði leikmaðurinn leikið með Ægi í Íslandsmóti og bikarkeppni KSÍ. Kemur fram að félagaskiptum hans hafi því verið hafnað þar sem ekki hafi verið heimilt að gefa út keppnisleyfi á leikmanninn með þriðja félaginu á keppnistímabilinu þar sem það hefði brotið í bága við ákvæði greinar 10.1.1. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Kemur fram að þetta sé ekki eina dæmið um slíka ákvörðun á þessu keppnistímabili og hafi fleiri félagaskiptum verið hafnað á sömu forsendum.

Þá er bent á að í 1. grein í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga komi fram að reglugerðin sé sett með stoð í reglugerð FIFA um félagaskipti og stöðu leikmanna. Mörg ákvæði þessarar reglugerðar FIFA séu bindandi fyrir aðildarsambönd þess. Kemur fram að fyrirspurn hafi verið send til FIFA fyrir á þessu ári varðandi það hvernig meðhöndla ætti félagaskipti þar sem leikmenn færu úr félagi A í B og ætluðu síðan að fara í félag A aftur á sama keppnistímabili. Í stuttu máli hafi svar FIFA við þeirri fyrirspurn verið á þann veg að slíkt væri ekki heimilt þar sem skv. Túlkun FIFA væri þar um þriðja félagið að ræða og gæti viðkomandi leikmaður því ekki leikið með félagi A aftur. Meðhöndlun á félagaskiptum innanlands hafa verið í samræmi við álit FIFA á þessu atriði. Af þessu leiði að félagaskipti úr Hamri í Ægi og í Hamar aftur séu ekki heimil.

Þá kemur fram að tilvísun í kærú til greinar 10.2. í sömu reglugerð eigi ekki við þar sem í engu sé brotið á þeirri grein og ákvæði hennar ekki forsenda fyrir höfnun á félagaskiptunum.

## V.

### Niðurstaða:

Í máli þessu er deilt um það hvort heimila eig félagsskipti Atla Björns E. Levy, kt. 040280-5459, frá Ægi til Hamars.

Aga- og úrskurðarnefnd telur sig hafa lögsögu til að fjalla um það mál það sem hér er til umfjöllunar á grunni 1. mgr. 3. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál en þar kemur fram að nefndin skuli hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum, sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands og varða lög og reglur þess eftir því sem við á.

Ennfremur telur nefndin að kærán hafi borist innan kærufrestar skv. 8. gr. sömu reglugerðar. Byggir nefndin að þessu leyti á því að ekki verði við kæranda sakast þó að upphaflegri kærú hans, sem er dags. 1. ágúst 2008 og barst á skrifstofu KSÍ þann 6. ágúst 2008, hafi verið vísað í rangan farveg af skrifstofu KSÍ. Það sé því ferill málsins innan KSÍ sem hafi orðið þess valdandi að Aga- og úrskurðarnefnd fékk kærúna ekki í hendur fyrir en þann 18. ágúst 2008. Ekki er talið rétt að kærandi beri hallan af því.

Óumdeilt er að umræddur leikmaður lék með Hamri í deildarbikarkeppninni 2008 og að hann hefur á keppnistímabilinu 2008 leikið á Íslandsmóti og bikarkeppni KSÍ með Ægi.

Í grein 10.1.1 reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga segir:

"Leikmaður getur mest verið skráður í þrjú félög á keppnistímabilinu. Á því tímabili er honum aðeins heimilt að taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum með tveimur félögum sbr. þó ákvæði um tímabundin félagaskipti í 16. grein. Undanþága skal veitt frá þessu þegar leikmaður skiptir um félag á milli landa, og keppnistímabil þeirra skarast þannig að í öðru landinu er tímabilið vor/haust en í hinu haust/vor. Þegar slíkt á við er leikmanni heimilt að leika í opinberum knattspyrnuleikjum með þremur félagsliðum á keppnistímabilinu svo fremi sem öðrum skuldbindingum sé fullnægt."

Aga- og úrskurðarnefnd telur óhjákvæmilegt að líta svo á að leiki í deildarbikarkeppnin KSÍ falli undir opinbera kappleiki í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar og að því verði að

líta svo á að umræddur leikmaður hafi þegar tekið þátt í opinberum knattspyrnuleikjum með tveimur félögum á yfirstandandi keppnistímabili.

Verður því næst að líta til þess hvernig skýra beri hvað átt sé við með "tveimur félögum", þ.e. hvort með ákvæðinu sé verið að takmarka fjölda félagaskipt eða þann fjölda liða sem hverjum leikmanni er heimilt að leika með á hverju tímabili.

Af efni og tilgangi reglugerðarinnar og þá sérstaklega greinar 10.1.1 telur nefndin ljóst að miða beri við fjölda félagaskipta og að engu máli skipti milli hvaða félaga slík félagaskipti eru. Mundi enda önnur niðurstaða leiða til þess að leikmenn gætu á sama tímabili ítrekað skipt milli sömu liða og komist þar með framhjá þeirri grundvallar nálgun að leikmenn geti á hverjum tímabili aðeins spilað með einu liði, þó með þeim þröngu heimildum sem veittar eru til félagaskipta. Fær þetta og stuðning í tilvísuðu bréfi FIFA sem skýrt hefur greinina með sama hætti.

Aga- og úrskurðarnefnd tekur ekki afstöðu til þess hvort reglugerðir þær sem henni ber að fara eftir brjóti með skíru orðalagi sínu gegn jafnræði enda skal nefndin byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum KSÍ sbr. 3. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Samkvæmt framansögðu er kröfu kæranda þess efnis að Atli Björn E. Levy, kt. 040280-5459, leikmaður Ægis verði skráður leikmaður Hamars og fái leikheimild með Hamri á yfirstandandi keppnistímabili hafnað.

IV..

#### **Úrskurðarorð:**

Kröfu knattspyrnudeildar Hattar þess efnis að Atli Björn E. Levy, kt. 040280-5459, leikmaður Ægis verði skráður leikmaður Hamars og fái leikheimild með Hamri á yfirstandandi keppnistímabili er hér með hafnað.

Kolbeinn Árnason

Þröstur Rikharðsson

Helgi R. Magnússon

#### **Um Áfrýjun:**

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.